



# Minnisblað

<b>Viðtakandi</b>	Velferðarnefnd Alþingis	<b>Dagsetning</b>	15. maí 2024
<b>Sendandi</b>	Félag- og vinnumarkaðsráðuneyti	<b>Málsnúmer</b>	FRN23110218

## Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga.

Vísað er til erindis velferðarnefndar til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 18. apríl 2024, þar sem óskað er eftir minnisblaði vegna umsagna sem nefndinni bárust um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. Umsagnarbeiðnir voru sendar út 25.-26. mars 2024 og var veittur frestur til að senda inn umsögn til 8. apríl 2024.

Til nefndarinnar hafa borist 17 umsagnir og eru þær birtar á vef Alþingis. Umsagnir eru almennt jákvæðar, endurskoðuninni er fagnað og lýsa margir umsagnaraðilar yfir stuðningi við að frumvarpið verði að lögum. Flestir umsagnaraðilar fagna sérstaklega tillögum um nýja greiðsluflokka í almannatryggingum og aukið samstarf þjónustuaðila um sérstaka þjónustugátt.

Í eftirfarandi umfjöllun er ekki frekar fjallað um framangreind atriði eða atriði sem lúta að almennri stefnumótun í málaflokknum heldur verður eingöngu brugðist við helstu athugasemdum umsagnaraðila við efnisákvæði frumvarpsins.

### 1. Samþætt sérfræðimat.

ÖBÍ réttindasamtök og Hugarafli lýsa áhyggjum af því að ekki liggi fyrir hvernig samþætta sérfræðimatið verði og ÖBÍ réttindasamtök vilja einnig að skýrar verði kveðið á um matið í ákvæðum frumvarpsins. Félag heyrnarlausra bendir á að ICF-flokkunarkerfið sem samþætta sérfræðimatið byggir á að verulegu leyti, geri ekki ráð fyrir notkun táknmáls til tjáningar og samskipta. Í umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er bent á að orðfærið um samþætta sérfræðimatið sé heilsufarsmiðað og ekki sé horft til fatlaðs fólks. Einnig þurfi að prófa matið á ýmsum notendahópum.

Þær umsagnir sem nefna samþætta sérfræðimatið eiga það sammerkt að lúta að því að samþætta sérfræðimatið liggi ekki fyrir og því sé ekki hægt að átta sig á því hvernig það verði. Rétt er að nefna að samþætta sérfræðimatið og vinnan við það var kynnt sérstaklega fyrir velferðarnefnd 22. apríl sl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekið verði upp samþætt sérfræðimat í stað örorkumats samkvæmt gildandi lögum og örorkustaðli, sem birtur er sem fylgiskjal með reglugerð um örorkumat. Samþætta sérfræðimatið verður heildrænt mat þar sem megináherslan verður á færni einstaklings í samspili við umhverfi og aðstæður og verður horft til allra notendahópa við þróun þess. Með því að taka umhverfisþætti inn í matið er betur tekið tillit til raunverulegra aðstæðna fólks og einnig er gert ráð fyrir að með því verði betur hægt að taka tillit til þeirra sem eru með fötlun. Matið mun byggja á ICF alþjóðlegu flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út og viðheldur. Hugmyndafræði ICF-flokkunarkerfisins byggist á líffræðilegri, sálfræðilegri og félagslegri nálgun (e. bio-psycho-social model) en það er breytt nálgun frá eldri hugmyndafræði sem byggist á læknisfræðilegri nálgun (e. biomedical model) þar sem athyglin beindist fyrst og fremst að orsökum og einkennum sjúkdóma og afleiðingum þeirra með tilliti til líkamlegra og andlegra færniskerðinga. Aðferðafræðin sem lögð er til grundvallar við matið er samþætt í þeim skilningi að horft verður samtímis á þætti sem lúta að færni, aðstæðum (umhverfis- og einstaklingsbundnum þáttum) og heilsu í víðum skilning. Matið er sérfræðimat í þeim skilningi að margir sérfræðingar koma að matinu.



Í fyrirliggjandi frumvarpi, sbr. einkum c-lið 3. gr., eru mun ítarlegri ákvæði um samþætt sérfræðimat en eru í 25. gr. gildandi laga um örorkumat. Í orðskýringum er skýrt hvað átt sé við með samþættu sérfræðimati. Í greinargerð með frumvarpinu er ítarlega fjallað um nýja matið þar sem hugmyndafræðinni sem liggur því til grundvallar er lýst og einnig fjallað um hvernig þetta mat verður frábrugðið breska matinu sem töluvert hefur verið gagnrýnt, sjá nánar kafla 3.2. í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Enn fremur er fjallað nokkuð ítarlega um matið í athugasemdum við c-lið 3. gr. frumvarpsins, m.a. um hlutverk Tryggingastofnunar og að einstaklingar þurfi ekki að fara í samþætt sérfræðimat sé það talið bersýnilega óþarft að mati stofnunarinnar. Með þessu er brugðist við þeirri gagnrýni á gildandi kerfi um að þau sem augljóslega eru öryrkjar þurfi oft á tíðum engu að síður að fara í örorkumat. Ráðuneytið telur samkvæmt framansögðu að í frumvarpinu sé að finna eins ítarlegar upplýsingar og hægt er að veita á þessum tímamarki um samþætta sérfræðimatið og að umgjörð þess verði mun innihaldsríkari og skýrari en ákvæði gildandi laga um örorkumat.

Eins og fram kom í kynningu verkefnisins fyrir velferðarnefnd þá er vinnan við að útfæra samþætta sérfræðimatið komin vel af stað. Í vinnuhópi sem settur var á laggirnar í janúar hefur verið lögð áhersla á hugmyndafræðina sem liggur matinu til grundvallar og að forvinna ferlið. Í forvinnunni hefur vinnuhópurinn kynnt sér sambærilegt mat erlendis og hugmyndafræðileg tengsl við ICF-flokkunarkerfið og undirbúið störf fjölmenns starfshóps fagstéttanna sem ráðherra hefur skipað. Vinnuhópurinn hefur gert kerfisbundna athugun á matstækjum sem eru í notkun í öðrum löndum og á sérstökum ICF kjarnasettum (e. coreset) sem hafa verið gefin út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Í þeirri vinnu hefur orðið til listi af þáttum, færniþáttum sem og umhverfisþáttum, sem nýtist við ákvörðun á inntaki matsins. Eru þetta atriði sem talin eru endurspegla m.a. færni og aðstæður ýmissa notendahópa svo sem fatlaðs fólks og þeirra sem glíma við heilsubrest. Starfshópur fagstétta mun síðan ákveða endanlega þá þætti listans sem matið mun innihalda. Í starfshópnum eru félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfar, læknar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingar, sjúkráþjálfarar og þroskaþjálfarar auk fulltrúa frá hagsmunasamtökum (ÖBÍ, Geðhjálp og Þroskahjálp) og Landssamtökum lífeyrissjóða. Við val á fagaðilum var horft til þess að þekking og reynsla þeirra væri fjölbreytt til að tryggja að inntak matsins endurspegli ólíka hópa. Hlutverk starfshópsins verður fyrst og fremst að þróa matið m.t.t. innihalds og leiðbeiningar varðandi framkvæmd. Með þessari nálgun er reynt að tryggja að matið verði sérsniðið fyrir Íslenskar aðstæður.

Liður í samþætta sérfræðimatinu er sjálfsmat og þannig er alltaf tryggt aðkoma viðkomandi að matinu. Mat á endurhæfingu, hafi hún farið fram, verður einnig liður í samþætta sérfræðimatinu. Allir matsþættir taka mið af ICF-flokkunarkerfinu, byggt á þeirri vinnu sem sérfræðihópurinn leggur til við val og mat á viðeigandi þáttum.

Gert er ráð fyrir að samþætta sérfræðimatið verði forprófað á mismunandi notendahópum með fjölbreyttan vanda áður en fyrirliggjandi breytingar taka gildi, verði frumvarpið að lögum. Það er því nauðsynlegt að þeir sérfræðingar sem vinna að útfærslu samþætta sérfræðimatsins hafi nokkurn tíma eftir afgreiðslu þingsins á frumvarpinu til að ljúka við útfærsluna og gera prófanir fyrir 1. september 2025.

Til hliðsjónar má benda á grein VIRK ársrit um starfsendurhæfingu (2024), bls. 66-71, en þar er fjallað um ICF-flokkunarkerfið í starfsendurhæfingarferli VIRK. Þessi umfjöllun gæti verið gagnleg til aukins skilnings á því hvernig samþætta sérfræðimatið er hugsað og einnig hvernig svör/atriði verða kóðuð og metin.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> [https://www.virk.is/static/files/2024/virk-arsrit\\_2024\\_net.pdf](https://www.virk.is/static/files/2024/virk-arsrit_2024_net.pdf)



## 2. Nýtt greiðslukerfi.

Í umsögn Geðhjálpur kemur fram að ekki verði séð að gert sé ráð fyrir kjarabótum til handa þeim sem lakast standa í kerfinu og telja að örorkulífeyriskerfið verði áfram fátæktargildra fyrir stóran hóp fólks sem ekki eigi sterka rödd í samfélaginu. Þá segir í umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar að afar lítið sé komið til móts við þann hóp sem minnst fær til framfærslu sinnar og hefur mjög takmörkuð eða engin tækifæri til að auka tekjur sínar vegna fötlunar eða ósveigjanlegs vinnumarkaðar.

Útreikningar sýna greinilega að réttindi örorkulífeyrisþega innan almannatryggingakerfisins munu aukast umtalsvert verði frumvarpið að lögum. Þá mun réttarstaða einstaklinga með langvarandi eða alvarlegan heilsuþrest sem þarfnast tímabundinna greiðslna vegna óvinnufærni í kjölfar sjúkdóma, slysa eða áfalla styrkjast. Þá verður hagur þeirra sem hafa áunnið sér lítinn lífeyrisrétt í lífeyrissjóðakerfinu bættur með sameiningu greiðsluflokka og hærri frítekjumörkum en nú eru í gildi. Þetta má sjá glögg á þeim töflum sem birtar eru í greinargerð frumvarpsins þar sem borin eru saman réttindi í gildandi kerfi og í hinu nýja greiðslukerfi sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hækkunarir eru misjafnlega miklar eftir aðstæðum einstakra hópa, svo sem hvort þeir búa einir eða ekki og hverjar tekjur þeirra eru, en að jafnaði munu greiðsluþegar fá auknar ráðstöfunartekjur verði frumvarpið að lögum.

Sú gagnrýni hefur komið fram að afar lítið sé komið til móts við þann hóp sem minnst fær og hefur takmörkuð eða engin tækifæri til að auka tekur sínar. Ráðuneytið vill í því sambandi benda á að þau sem hafa lægstu tekjurnar í dag eru þau sem búa ekki ein og hafa setið lengst eftir við kjarabætur og eru talsvert undir lágmarkslaunum. Réttmæt krafa hefur verið undanfarin ár um að leiðrétta kjör þessa fólks. Viðmið sérstakrar uppbótar vegna framfærslu er nú 335.128 kr. á mánuði fyrir einstaklinga sem búa með öðrum og eru þeir einstaklingar sem hafa lága aldursviðbót því að fá undir 350.000 kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að þetta lágmark hækki upp í 380.000 kr. á mánuði í nýju greiðslukerfi. Í dæmi sem fylgir með umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar mun einstaklingur sem býr ekki einn og hefur fulla aldursviðbót hækka um 33.272 kr. á mánuði eða úr 376.728 kr. í 410.000 kr. Þessi einstaklingur hefur þar með nálgast lægstu laun verulega en lægsti taxti Eflingar eftir síðustu kjarasamninga eru tæpar 426.000 kr. á mánuði. Þau sem búa ein og hafa fulla aldursviðbót munu hækka um 4.020 kr. í nýju greiðslukerfi eða úr 462.980 kr. á mánuði í 467.000 sem er um 40.000 kr. umfram lægsta taxa Eflingar og eru þeir einstaklingar því ekki í hópi þeirra öryrkja sem fá lægstu greiðslurnar.

Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands, Stígamóta og ÖBÍ réttindasamtaka eru gerðar athugasemdir við að í frumvarpinu séu ekki gerðar breytingar á fyrirkomulagi fjármagnstekna sem skipt er til helminga milli hjóna við útreikning greiðslna, óháð því hver sé eigandi þeirra eigna sem myndi tekjurnar. Er það talið valda valdaójafnvægi og geti hugsanlega leitt til þess að einstaklingur í ofbeldissambandi geti ekki komist úr því vegna fjárhagslegs ójafnvægis.

Ráðuneytið vill taka fram að sú regla að byggja útreikninga lífeyrisgreiðslna m.a. á sameiginlegum fjármagnstekjum hjóna og sambúðarfólks byggist fyrst og fremst á lögum um tekjuskatt þar sem kveðið er á um að fjármagnstekjur hjóna skuli leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hefur hærri hreinar tekjur. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Er því um að ræða samsköttun og er farin sama leið þegar kemur að útreikningi lífeyrisgreiðslna. Má einnig geta þess að reynt hefur á þetta álitaefni fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála og dómstólum og hefur gildandi framkvæmd verið úrskurðuð og dæmd lögmæt, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 795/2017.

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka kemur fram að rökstuðning skorti fyrir lækkun aldursviðbótar, að um sé að ræða órökstudda sparnaðaraðgerð sem bitni sérstaklega á fólki sem fær fyrsta mat ungt að aldri. Þá leggur velferðarsvið Reykjavíkurborgar til að hugað verði að undanþágum vegna einstaklinga sem hafa lengi verið í þjónustu sveitarfélaga og mögulega ekki metnir til örorku fyrr en seint á lífsleiðinni. Þá segir í umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar að aldursviðbót sé lækkuð án þess að það réttlætist á nokkurn hátt af minni kjaraskerðingu nú en verið hefur sem almennt fylgi af langvinnri fötlun og einnig



að heimilisuppbót sé lækkuð án þess að það réttlætist á nokkurn hátt af minni tilkostnaði við rekstur heimila.

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að aldursviðbót nemur í dag sömu fjárhæð og örorkulífeyrir, þ.e. 63.020 kr. á mánuði en í nýju kerfi er aftur á móti gert ráð fyrir að fjárhæð hins breytta örorkulífeyris verði 380.000 kr. á mánuði og er það sexföld hækkun. Þá hefur verið gagnrýnt að greiðslur til einstaklinga sem búa einir og fá greidda heimilisuppbót hafi hækkað meira á undanförunum árum en greiðslur til þeirra sem búa með öðrum og er brugðist við því í frumvarpinu með almennri hækkun örorkulífeyrisins sjálfs. Rétt er að áréttta það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að sú mikla hækkun sem felst í nýjum sameinuðum örorkulífeyri mun gera það að verkum að ráðstöfunartekjur greiðsluþega munu í flestum tilvikum hækka til muna. Því er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hinnar endanlegu heildarfjárhæðar greiðslu en ekki fjárhæðar einstakra greiðsluflokka eða hvernig samsetningu fjárhæðarinnar er háttað. Þá er einnig rétt að benda á að í gildandi kerfi dregur sérstök uppbót vegna framfærslu talsvert úr vægi aldursviðbótar fyrir einstaklinga sem hafa litlar eða engar tekjur aðrar en bætur almannatrygginga. Þannig er innan við 30.000 kr. munur á heildargreiðslum til þeirra sem fá fulla aldursviðbót í dag og þeirra sem hefja töku örorkulífeyris seinna á lífsleiðinni og hafa engar aðrar tekjur. Það er m.ö.o. ekki verið að draga úr áhrifum aldursviðbótar á kjör þeirra sem ekki hafa aðrar tekjur en bætur almannatrygginga. Hins vegar mun draga úr vægi aldursviðbótar hjá þeim sem hafa það miklar aðrar tekjur að þeir fá ekki greidda sérstaka uppbót vegna framfærslu frá því sem nú er og eykst munurinn eftir því sem tekjur eru hærri án þess þó að heildarfjárhæð greiðslna lækki. Við ákvörðun aldursviðbótar var litið til þess að einstaklingar sem yrðu öryrkjar ungir að árum og hefðu engar eða litlar tekjur í núgildandi kerfi myndu njóta sambærilegrar ívilnunar í nýju kerfi.

Hvað heimilisuppbót varðar þá hefur hún lengst af verið um 15% af fjárhæð greiðslna til einstaklinga sem ekki búa einir, en munur á greiðslum til þeirra sem búa einir og ekki einir hefur verið mun meiri og mjög sveiflukenndur vegna annarra bótaflokka. Þá hafa á undanförunum árum komið til framkvæmda viðbótarhækkanir til þeirra sem búa einir umfram þá sem búa ekki einir og hefur munurinn því farið í 23-24% síðustu ár. Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er heimilisuppbót ætlað að mæta auknum kostnaði þeirra sem reka heimili einir og er lagt til að miðað verði við 15% hærri greiðslur í nýju kerfi og er það í samræmi við þann mun sem var metinn hjá einhleypingi samanborið við einstakling í parasambandi sé litið til skýrslu sérfræðingahóps um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi.

### 3. Nýir greiðsluflokkar í almannatryggingum.

Í umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar kemur fram að óljóst sé hvort þau sem fá fyrsta örorkumat við 18 ára aldur fari á örorkulífeyri eða hlutaörorkulífeyri og það þurfi að skýra betur. Bent skal á að samkvæmt frumvarpinu verður samþætt sérfræðimat forsenda þess að til greiðslna örorkulífeyris geti komið fyrir þá sem koma nýir inn í kerfið eftir kerfisbreytinguna. Þó er gert ráð fyrir að víkja megi frá skilyrðinu um samþætt sérfræðimat meti Tryggingastofnun það bersýnilega óþarft, t.d. þegar um er að ræða einstakling með svo skerta getu að það sé augljóst að hún sé minni en 25%. Sé það aftur á móti mat Tryggingastofnunar að umsækjandi hafi einhverja getu til virkni á vinnumarkaði sem megi styrkja er gert ráð fyrir greiðslu sjúkra- og endurhæfingargreiðslna meðan á meðferð eða endurhæfingu stendur og verður geta viðkomandi þá ekki metin fyrr en að því loknu. Það fer því eftir einstaklingsbundnu mati hvaða greiðslur og ferli kemur til við 18 ára aldur.

Í umsögnum Landssamtakanna Þroskahjálpar og ÖBÍ réttindasamtaka eru bornar saman greiðslur til einstaklinga með örorkulífeyri í gildandi kerfi annars vegar og greiðslur hins nýja greiðsluflokks hlutaörorkulífeyris samkvæmt nýju kerfi hins vegar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í nýju greiðslukerfi er gert ráð fyrir að einstaklingar sem eru metnir til allt að 25% getu til virkni fái hinn nýja breytta örorkulífeyri. Ráðuneytið vill auk þess benda á að samkvæmt gildandi kerfi fá einstaklingar sem metnir eru með 50-74% örorku greiddan örorkustyrk, sem nemur að hámarki 63.020 kr. á mánuði, en það er mun lægri fjárhæð en lögð er til varðandi nýjan hlutaörorkulífeyri sem ætlaður er þeim sem í nýju kerfi verða metnir með 26-50% getu til virkni á vinnumarkaði, en fjárhæð hans mun samkvæmt



frumvarpinu nema 285.000 kr. á mánuði. Auk þess er gert ráð fyrir að hlutaörorkulífeyrisþegar hafi 100.000 kr. almennt frítekjumark í nýju kerfi auk 250.000 kr. sérstaks frítekjumarks vegna atvinnutekna og munu því geta aflað sér tekna sem nema 350.000 kr. á mánuði án þess að það hafi áhrif á fjárhæð lífeyrisgreiðslna til þeirra. Við samanburð á kjörum einstaklinga á hinum nýja örorkulífeyri og hlutaörorkulífeyri er því horft til þess að bera saman annars vegar einstakling sem getur lítið verið á vinnumarkaði og haft litlar eða engar atvinnutekjur samhliða örorkulífeyri og hins vegar þann sem getur verið talsvert á vinnumarkaði og haft umtalsvert meiri atvinnutekjur og því geri fjárhæð hlutaörorkulífeyris ráð fyrir að einstaklingur á hlutaörorkulífeyri þurfi einungis að hafa 95.000 kr. á mánuði í atvinnutekjur til að vera jafnsettur örorkulífeyrisþega sem ekki nýtur annarra tekna, en það er minna en fjórðungur lágmarkslauna. Einstaklingar með hlutaörorkulífeyri og fulla aldursviðbót í skertu starfshlutfalli með tekjur um og undir neðri fjórðungsmörkum launa eru þá með nokkuð hærri heildartekjur en aðrir einstaklingar á vinnumarkaði á sömu kjörum. Þannig myndi einstaklingur í 40% starfi með um 216.000 kr. í atvinnutekjur á mánuði fá samtals um 588.000 kr. í heildartekjur á mánuði á meðan einstaklingur sem ekki er örorkulífeyrisþegi og er í sama starfi fengi um 540.000 kr. á mánuði. Þannig er gert ráð fyrir að hvati sé fyrir einstaklinga sem lendi í veikindum, áföllum eða slysum til að snúa til baka í hlutastarf fremur en að falla út af vinnumarkaði og að einstaklingar sem fá greiddan hlutaörorkulífeyri hafi því mun meiri getu til að auka við tekjur sínar en einstaklingur sem fá fullan örorkulífeyri.

#### **4. Brottfall endurhæfingarlífeyris og framfærsluuppþótar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.**

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka kemur fram að nauðsynlegt sé að óháður aðili framkvæmi ítarlegt mat á kerfisbreytingum þeim sem mælt er fyrir í frumvarpinu við gildandi mannréttindaskuldbindingar samkvæmt stjórnarskránni og þeim mannréttindasamningum sem Ísland á aðild að. Þá geldur Mannréttindaskrifstofa Íslands varhug við að lágmarksfjárhagsaðstoð verði bundin skilyrðum og telja það ekki standast ákvæði 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir að öllum sem þess þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna m.a. sjúkleika og örorku.

Ráðuneytið bendir á að túlkun ákvæðisins hafi þegar í nokkrum málum verið borin undir Hæstarétt. Ákvæðið hefur í stuttu máli verið skýrt þannig að það sé skylt að lögum að tryggja rétt einstaklings til að minnsta kosti lágmarks framfærslu eftir fyrir fram gefnu skipulagi sem ákveðið sé á málefnalegan hátt. Alþingi hafi vald um það hvernig því skipulagi skuli háttað og hefur komið á fót velferðarkerfi í því skyni að uppfylla skyldur skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst sé að löggjafinn hafi í lögum um almannatryggingar tekið afstöðu til þess hvaða greiðslur komi til vegna örorku þar sem þörf einstaklinga fyrir aðstoð sé metin. Löggjafanum sé ætlað svigrúm til að ákveða viðmiðunarreglur um það hvenær menn séu taldir þurfa aðstoð. Sjá hér t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 63/2013, nr. 223/2016 og nr. 17/2022. Í dómunum er einnig komið inn á samspil 1. mgr. 76. gr. við 65. gr. stjórnarskrárinnar. Tekið skal fram að áætluð kostnaðaraukning á greiðslum er um 18 milljarðar verði frumvarpið að lögum, réttindi munu aukast almennt og þar með einnig lífskjör þeirra sem þurfa á aðstoð að halda vegna sjúkleika og örorku. Þegar almennt er talað um lágmarksfjárhagsaðstoð er átt við fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, sbr. VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í ákvæðum laga um almannatryggingar felst ekki trygging fyrir því að allir sem löggin taki til skuli fá tiltekna lágmarksfjárhæð ef um örorku er að ræða. Má í því sambandi benda á að aðrar tekjur lífeyrisþega geta leitt til þess að greiðslur úr almannatryggingum stöðvist eins og fram kemur í dómum Hæstaréttar.

Enn fremur telja ÖBÍ réttindasamtök nauðsynlegt að framfærsluuppþót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð gildi áfram þar til búið verði að finna framtíðarlausn fyrir fólk sem er ekki með full réttindi vegna stuttrar búsetu.

Á það getur ráðuneytið ekki fallist. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er lagt til að sérstök uppþót á lífeyri vegna framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð sameinist greiðsluflokknum örorkulífeyri í nýjan og breyttan örorkulífeyri og verði felld brott úr lögum um félagslega



aðstoð. Með þessu eru almenn réttindi örorkulífeyrisþega aukin og örorkulífeyririnn í breyttri mynd hækkar til muna. Sameining greiðsluflokkanna og breyttur örorkulífeyrir, sem eins og áður segir verður um sexfalt hærri en örorkulífeyrir í gildandi kerfi, byggir því á þeirri forsendu að m.a. sérstök uppbót til framfærslu skv. 2. gr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð falli brott og fjármagnið verði nýtt til að búa til nýjan breytta örorkulífeyri með auknum réttindum og hærri greiðslum. Ráðuneytið vill taka fram að þar sem sérstök uppbót á lífeyri vegna framfærslu fellur brott telji ráðuneytið að leita þurfi nýrra leiða til að styrkja framfærslu þeirra sem búa hér en sem eiga ekki rétt á fullum lífeyri vegna stuttrar búsetu hér á landi og sem hafa litlar sem engar aðrar tekjur sér til framfærslu. Þessir einstaklingar geta eins og aðrir íbúar fengið fjárhagsaðstoð frá búsetusveitarfélagi sínu ef heildartekjur þeirra eru undir viðmiði sveitarfélagsins en þar sem talið er að um ástand til langframa verði að ræða er talið að styrkja þurfi framfærslu einstaklinga í þessari stöðu sem hér búa með sértækum aðgerðum. Hyggjast stjórnvöld m.a. líta til reynslu af lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020, og þeirra leiða sem aðrar Norðurlandabjóðir hafa gripið til. Er stefnt að því að leggja fram frumvarp um þetta efni á næsta þingi eftir að Alþingi hefur afgreitt fyrirleggjandi frumvarp. Það er rétt að áréttu að þeir sem fá greiðslur í núgildandi kerfi munu fá samanburðargreiðslu sem ætlað er tryggja að greiðslur til þeirra lækki ekki eftir gildistöku laganna.

## 5. Samspil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Landssamtök lífeyrissjóða benda á mikilvægi þess að meta greiðslukerfi þeirra sem eru með skerta starfsorku heildstætt og líta þar bæði til greiðslna frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Mikilvægt sé að greina áhrif breytinganna á samspil kerfanna og áhersla er lögð á að fundin verði framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. ÖBÍ réttindasamtök telja einnig mikilvægt að gera úrbætur svo almannatrygginga- og lífeyrissjóðskerfin vinni betur saman þegar kemur að greiðslum vegna örorku og benda á að frumvarpið komi ekki inn á víxlverkanir örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Tekið er undir mikilvægi þess að fundin verði framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatrygginga og greiðslum lífeyrissjóða. Um starfsemi lífeyrissjóða gilda lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og falla þau lög undir málefnasvið fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem fer með starfsemi lífeyrissjóða, að því marki sem þau verkefni eru ekki falin öðrum samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið hafa átt viðræður um það með hvaða hætti megi leysa þetta vandamál til framtíðar en það hefur á undanförunum árum verið gert með ákvæðum til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Einnig má benda á að í skýrslu starfshóps um víxlverkanir milli örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða frá febrúar 2014 er málið reifað nokkuð ítarlega og bent á nokkrar mögulegar leiðir til lausnar vandans. Ekki hefur enn náðst niðurstaða um hvaða leið beri að fara í þessum efnum og því er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar en mikilvægt er að framtíðarlausn verði fundin áður hin breyttu lög koma til framkvæmda 1. september 2025.

## 6. Virknistyrkur og vinnumarkaðsúrræði.

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka eru gerðar athugasemdir við virknistyrk samkvæmt frumvarpinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einstaklingar sem fá greiddan hlutaörorkulífeyri geti fengið virknistyrk frá Vinnuálastofnun meðan á atvinnuleit stendur. Virknistyrkur er vinnumarkaðsaðgerð sem heimilt er að greiða til einstaklinga sem uppfylla skilyrði um virka atvinnuleit með einstaklingsbundinni aðstoð Vinnuálastofnunar, og er ætlaður til þess að aðstoða fólk fyrstu skrefin út á vinnumarkað.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að taki atvinnuleitandi að sér tilfallandi vinnu sé ekki gert ráð fyrir að virknistyrkur sé greiddur fyrir þá daga sem vinnan er innt af hendi. Þannig þykir ekki fara



saman að einstaklingur sem fær greiðslur frá Vinnumálastofnun meðan viðkomandi er í virkri atvinnuleit fái greiddar tekjur frá öðrum aðilum vegna tilfallandi vinnu á sama tímabili. Gengið er út frá því að í framkvæmd myndi viðkomandi í slíkum tilvikum fá greiddan virknistyrk á móti þeim tekjum sem hann fengi fyrir tilfallandi vinnu. Er þá við það miðað að ekki verði greiddur virknistyrkur fyrir þá daga sem tilfallandi vinnan stendur yfir óháð því hvað viðkomandi fær í tekjur. Er þannig ekki gert ráð fyrir að tekjur fyrir tilfallandi vinnu geri það að verkum að virknistyrkurinn falli niður að fullu auk þess sem gengið er út frá því að í framkvæmd ættu einstaklingar alltaf að vera betur settir taki þeir að sér tilfallandi vinnu eða ráði sig til starfa á vinnumarkaði.

Við vinnslu frumvarpsins þótti eðlilegt að það kynni að hafa áhrif á virknistyrkinn ef einstaklingar uppfylla ekki skilyrði fyrir greiðslu virknistyrks, enda er um að ræða sérstaka vinnumarkaðsaðgerð og gert ráð fyrir að tiltekin skilyrði þurfi að vera uppfyllt fyrir greiðslum. Í ljósi þess þykir mikilvægt að virknistyrkur falli niður þegar einstaklingar sem fá greiddan hlutaörorkulífeyri uppfylla ekki lengur skilyrði um virka atvinnuleit.

Samkvæmt frumvarpinu eru greiðslur virknistyrks aðeins felldar niður tímabundið hafni atvinnuleitandi starfi eða þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum eða láti hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar án þess að gildar ástæður séu fyrir hendi en samkvæmt frumvarpinu hefur Vinnumálastofnun mjög ríkar heimildir til að meta aðstæður viðkomandi atvinnuleitanda heildstætt áður en til þess kemur að virknistyrkur er felldur niður. Samkvæmt frumvarpinu er virknistyrkur ekki felldur niður fyrr en í fyrsta lagi eftir tveggja mánaða atvinnuleit og viðkomandi þannig veitt svigrúm til að leita sér að því starfi sem hann helst kys að sinna áður en honum ber að taka því starfi sem býðst, enda séu afsakanlegar ástæður ekki fyrir hendi að mati Vinnumálastofnunar. Hér er því um að ræða ríkara svigrúm en innan atvinnuleysisstryggingakerfisins.

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka eru gerðar athugasemdir við að í frumvarpinu liggja ekki fyrir nægar upplýsingar og aðgerðir hvað varðar áform um mikla aukningu á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að mikilvægt sé að efla forvarnir sem komið geta í veg fyrir brotthvarf af vinnumarkaði og að fjölga virkum vinnumarkaðsaðgerðum og stuðningsúrræðum fyrir fólk með mismikla starfsgetu, þ.m.t. með endurskoðun reglna sem gilda um vinnusamninga öryrkja. Vinna við framangreint stendur yfir en í því sambandi er meðal annars gert ráð fyrir samráði við ýmsa aðila, meðal annars hagsmunasamtök fatlaðs fólks og samtök aðila vinnumarkaðarins.

## **7. Samstarf þjónustukerfa og aðkoma notenda að þjónustuferlum.**

Tillaga frumvarpsins um að lögfesta skyldu til samstarfs um málefni þjónustunotenda fær almennan stuðning hjá umsagnaraðilum. Félagsráðgjafafélag Ísland bendir á mikilvægi þess að helstu þjónustuaðilar og stofnanir komi sér saman um verklag og vísanir milli kerfa og Reykjavíkurborg tiltekur sérstaklega yfirlýsingu sem undirrituð var þann 15. febrúar 2024 (sjá fylgiskjal 1). Á grundvelli þessarar yfirlýsingar er nú unnið að verkefnum sem ætlað er að undirbúa þau ferli sem gilda munu til framtíðar. Er gert ráð fyrir að þeir opinberu aðilar sem koma að þjónustu og fjárhagslegum stuðningi geri með sér samninga þar að lútandi þar sem tryggð verði heildstæð nálgun í endurhæfingu einstaklinga og samfelli í allri þjónustu og fjárhagslegum stuðningi.

Þá leggja margir umsagnaraðilar áherslu á aðkomu notenda að þeim þjónustuferlum sem framtíðarfyrirkomulagið mun byggjast á. Af hálfu ráðuneytisins er tekið fram að þessi ferli munu áfram mótast á grundvelli laganna, verði frumvarpið að lögum. Samráð við hagsmunasamtök um þátttöku þjónustunotenda í þessum ferlum er lykilatriði varðandi farsæla innleiðingu á þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér. Sérstaklega verður horft til þess að eiga samráð við heildarsamtök um gerð og útfærslu reglugerða sem settar verða á grunni breyttra laga.



## 8. Þjónustugátt.

Í umsögnum ÖBÍ réttindasamtaka og Landssamtakanna Þroskahjálpar er fjallað um aðgengi notenda að þjónustugátt. Fram kemur að það sé alvarlegt vandamál að margt fólk eigi erfitt með að nota rafræn auðkenni.

Það er brýnt að hafa í huga að gert er ráð fyrir að þjónustugáttin feli í sér upplýsingatæknilausn sem verið er að hanna. Tilgangur gáttarinnar er að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og þjónustu á sviði endurhæfingar sem einstaklingar fá á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að nánar verði fjallað um gáttina í reglugerð og verður samráð haft við réttindasamtök um efni hennar og útfærslu. Leggja ber áherslu á að þjónustugáttin er forsenda fyrir samstarfi þjónustukerfa og því að tryggja aðkomu notenda að þjónustuferlum.

Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að ákvæði frumvarpsins séu eins hlutlaus og kostur er gagnvart tæknilegri útfærslu á þjónustugáttinni. Sá rammi sem fram kemur í frumvarpinu hefur farið í gegnum svonefnt mat á áhrifum á persónuvernd vegna regluverks. Þá telur Persónuvernd að umrædd ákvæði fullnægi í meginatriðum þeim kröfum sem almennt verður að gera til löggjafar um slíka vinnslu.

Nánari lýsing á rafrænum samskiptum aðila kemur fram á meðfylgjandi yfirlitsmynd (sjá fylgiskjal 2). Athygli er vakin á því að gert er ráð fyrir því að samskipti við þjónustunotendur fari fram í gegnum viðmót á island.is. Þá fari samskipti við fulltrúa í samhæfingarteymum einnig fram í gegnum sérstakt viðmót. Þessi viðmót eru ekki hluti af þjónustugáttinni en leyfa samskipti við hana.

Ráðuneytið tekur undir að sérstök ástæða er til þess að greina aðgengishindranir í ljósi þess hvernig hópur væntanlegra þjónustunotenda er samsettur. Við hönnun og útfærslu viðmóts fyrir þjónustunotendur verður allt kapp lagt á að tryggja aðgengi, m.a. með því að fara yfir auðkenniskröfur fyrir ólíkar tegundir gagna og þjónustu.

Í nokkrum umsögnum, m.a. frá Félagi heyrnarlausra, er vikið að því hvernig haldið verði utan um gerð endurhæfingaráætlana og gerð athugasemd við að einungis fjórir tilgreindir þjónustuaðilar miðli endurhæfingaráætlunum í gegnum þjónustugátt.

Meðal þeirra forsendna sem lagt er upp með að gildi um hönnun þjónustugáttar er að tilgreindu þjónustuaðilarnir fjórir (þjónustukerfi sem starfa samkvæmt lögum) geti veitt sjálfstætt starfandi rekstraraðilum umboð til þess vinna tiltekin gögn sem fara um gáttina, t.d. endurhæfingaráætlanir. Umboðið er veitt á grundvelli samnings á milli þjónustuaðila og hlutaðeigandi rekstraraðila. Um slíka samninga gilda m.a. skilmálar Embættis landlæknis um rekstur heilbrigðisþjónustu og ákvæði kröfulýsingar fyrir starfsendurhæfingarsjóði.

## 9. Önnur atriði.

ÖBÍ réttindasamtök leggja til að starfshópur, sbr. 12. gr. frumvarpsins, taki til starfa strax við gildistöku laganna. Fleiri umsagnaraðilar leggja einnig áherslu á mikilvægi þess að meta árangur og skilvirkni breytinganna.

Ráðuneytið lýsir sig sammála þessu og hyggst ráðherra skipa starfshópin sem fyrst eftir að lögin hafa verið samþykkt og gert er ráð fyrir að starfshópurinn taki þá þegar til starfa. Verður honum falið að fylgja með innleiðingu hins nýja kerfis og meta árangur og skilvirkni kerfisbreytingarinnar.

Þá leggja ÖBÍ réttindasamtök til að lögin verði endurskoðuð innan þriggja ára en ekki fimm ára eins og lagt er til í frumvarpinu.

Að mati ráðuneytisins eru þrjú ár of stuttur tími m.a. þar sem áhrif kerfisbreytingarinnar munu ekki verða komin fram að fullu á þeim tíma. Er t.d. gert ráð fyrir að greiða megi sjúkra- og endurhæfingargreiðslur í allt að 60 mánuði með þröngri framlengingarheimild í tvö ár til viðbótar áður en til samþætts





sérfræðimats kemur. Bent skal á að gert er ráð fyrir því að starfshópurinn fylgist með innleiðingunni og þróun mála og skili ráðherra áfangaskýrslum. Einnig skal starfshópurinn leggja fram tillögur að breytingum til ráðherra ef svo ber undir.

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka er lagt til að komið verði á fót nýjum greiðsluflokki til að mæta ótilgreindum fylgikostnaði fötlunar og er vísað um það til 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Í c-lið 28. gr. samningsins kemur fram að aðildarríkin skuli gera ráðstafanir til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að standa straum af útgjöldum vegna fötlunar, þar á meðal útgjöldum vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, fjárhagslegrar aðstoðar og hvíldarumönnunar. Ráðuneytið bendir á að í 1. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð er kveðið á um heimild til að greiða uppbót á líffeyri vegna margs konar kostnaðar, m.a. sjúkra- og lyfjakostnaðar og kostnaðar við heyrnartæki. Einnig er í 10. gr. sömu laga kveðið á um uppbætur vegna kaupa á bifreið og til reksturs bifreiðar og styrk til að afla bifreiða. Þá er heimilt að endurgreiða umtalsverðan kostnað við læknishjálp og lyf, sbr. 11. gr. laganna. Einnig er í lögum um sjúkratryggingar kveðið á um greiðslur vegna m.a. þjálfunar og hjálpartækja og enn fremur annast sveitarfélög m.a. heimaþjónustu og akstursþjónustu. Í frumvarpinu er hins vegar fyrst og fremst um að ræða breytingu á örorkulífeyriskerfinu og þeim greiðsluflokkum sem ætlaðir eru til framfærslu. Ekki er verið að endurskoða ákvæði laga um félagslega aðstoð eða ákvæði sjúkratryggingalaga hvað varðar sérstakar greiðslur til að mæta útgjöldum vegna m.a. fötlunar. Þó er tekið undir það að æskilegt væri að hafa betri yfirsýn yfir greiðslur og styrki til að mæta fylgikostnaði fötlunar og hvar sé helst úrbóta þörf. Jafnframt þyrfti að skoða hvort aðskilja mætti slíkar greiðslur frá greiðslum almannatrygginga sem ætlaðar eru til framfærslu. Væri það til mikillar einföldunar fyrir notendur og telur ráðuneytið að vinna megi að þessu í kjölfar afgreiðslu Alþingis á fyrirleggjandi frumvarpi.

Umsagnaraðilar víkja á nokkrum stöðum að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Innleiðing samningsins er ekki efni þessa frumvarps en ráðuneytið vill benda á að í ríkisstjórnarsáttmálanum kemur fram að lögfesta skuli samninginn á kjörtímabilinu. Þá hefur Alþingi samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks (landsáætlun) fyrir árin 2024-2027 sem felur í sér 60 aðgerðir og er liður í innleiðingu og undirbúningi lögfestingar samningsins hér á landi.

Varðandi umsögn Persónuverndar tekur ráðuneytið að flestu leyti undir ágætar ábendingar og tillögur stofnunarinnar. Veigamesta athugasemdin í umsögn Persónuverndar snýr að samspili á milli 20. og 24. gr. frumvarpsins. Fyrirnefnda greinir fjallar um viðbót við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og er athugasemd Persónuverndar þar að lútandi til umfjöllunar hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Síðarnefnda greinin felur í sér að heilsugæslustöðvum verði bætt við upptalningu 7. gr. a laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Að mati ráðuneytisins er full ástæða til þessarar viðbótar enda kunnir heilsugæslustöðvar að búa yfir upplýsingum sem er nauðsynlegt fyrir Vinnumálastofnun að afla í tengslum við samstarf þjónustuaðila skv. 23. gr. frumvarpsins sem og greiðslu virknistyrks, sbr. 24. gr. frumvarpsins. Einnig þykir mikilvægt að tryggj sé að Vinnumálastofnun sé heimilt að miðla upplýsingum til heilsugæslustöðva vegna framkvæmdar vinnumarkaðsúræða, sbr. 2. mgr. 7. gr. a. Áfram er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun gangi ekki lengra en nauðsyn krefur við vinnslu persónuupplýsinga og tryggi sanngjarna og gagnsæja vinnslu, m.a. með því að upplýsa aðila um fyrirhugaða vinnslu áður en hún fer fram.

Ráðuneytið bendir á að vegna þess hve frumvarpið er viðamikið og framkvæmd þess krefst mikils undirbúnings og forritunarynnu er lagt til að gildistaka þess verði 1. september 2025. Í því sambandi vill ráðuneytið áréttta sérstaklega að fjárhæðir sem fram koma í frumvarpinu miðast við fjárhæðir bóta almannatrygginga eins og þær voru í janúar 2024. Þessar fjárhæðir munu taka breytingum frá þeim



tíma þar til að lögin taka gildi í samræmi við hækkanir sem verða samkvæmt fjárlögum á tímabilinu, sbr. 62. gr. almannatryggingalaga.

ÖBÍ réttindasamtök telja að kveða þurfi skýrar á um það í frumvarpinu að mót í gildi við gildistöku skuli gilda áfram. Eins og fram kemur í frumvarpinu telur ráðuneytið að kveða eigi á um þetta í bráðabirgðaákvæði af lagatæknilegum ástæðum, þar sem ákvæðið á aðeins við um þá sem hafa gilt örorkumat við gildistöku laganna en ekki aðra. Í bráðabirgðaákvæði er þannig gert ráð fyrir að allir sem eru með gilt örorkumat samkvæmt gildandi kerfi við gildistöku kerfisbreytingarinnar færast á grundvelli þess mats yfir í nýja greiðslukerfið, hvort sem um er að ræða tímabundið mat (um 14.000 einstaklingar) eða varanlegt mat (um 7.000 einstaklingar). Þeir sem eru þegar með örorkulífeyri á grundvelli 75% örorkumats í gildandi kerfi munu þ.a.l. fá örorkulífeyri í nýja greiðslukerfinu á grundvelli gildandi mats en þeir sem eru með 50-74% mat í gildandi kerfi og fá þar af leiðandi greiddan örorkustyrk munu áfram fá greiddan örorkustyrk samkvæmt gildandi lögum. Aftur á móti munu þeir einstaklingar sem koma nýir inn í örorkulífeyriskerfið eftir gildistöku kerfisbreytingarinnar fara í samþætt sérfræðimat, eftir atvikum þegar endurhæfing telst fullreynd, og fer það eftir niðurstöðu samþætta sérfræðimatsins hvaða greiðslna viðkomandi mun eiga rétt til.

Að lokum vill ráðuneytið benda á að vegna breyttrar samsetningar greiðsluflokka núverandi endurhæfingarlífeyris og hinna nýju sjúkra- og endurhæfingargreiðslna hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að leggja til breytingu á 12. gr. frumvarpsins sem feli í sér samanburð á útreikningi endurhæfingarlífeyris og tengdra bóta samkvæmt gildandi kerfi annars vegar og endurhæfingargreiðslum og heimilisuppbót samkvæmt hinu nýja greiðslukerfi hins vegar. Er um að ræða efnislega sambærilegan samanburð og gert er ráð fyrir í nýjum 16. tölulið ákvæðis til bráðabirgða og lýtur að örorkulífeyri og tengdum greiðslum samkvæmt eldra greiðslukerfi og hinu nýja. Leggur ráðuneytið til að við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist sex nýir töluliðir í stað fimm og að samanburðarregla vegna endurhæfingarlífeyris og endurhæfingargreiðslna ásamt tengdum greiðsluflokkum komi fram í nýjum 17. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Þar sem einungis er um fáa einstaklinga að ræða og stutt tímabil í hverju tilfelli er talið nægjanlegt að vísað verði til 16. töluliðar og að 17. tölul. verði svohljóðandi:

*„Ákvæði 16. tölul. gildir eftir því sem við á um þá sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri ásamt sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu samkvæmt þágildandi 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð 31. ágúst 2025 en þó einungis út gildistíma endurhæfingartímabils sem samþykkt var fyrir 1. september 2025.“*

Verði tillagan samþykkt verður 17. tölul. 12. gr. frumvarpsins að 18. tölulið.

## Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1. Yfirlýsing um samstarf þjónustuaðila.

Fylgiskjal 2. Yfirlitsmynd – rafræn samskipti aðila á sviði endurhæfingar.

# Yfirlýsing um samstarf þjónustukerfa á sviði endurhæfingar

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti-, Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. félagsþjónustu sveitarfélaga, Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun og VIRK Starfsendurhæfingarsjóður ses. lýsa yfir vilja til að hefja vinnu við gerð samnings sín á milli um framtíðarfyrirkomulag um heildstæða nálgun og samþættingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga og að stefnt verði að því að ljúka undirritun slíks samnings eigi síðar en 15. apríl 2024. Í fyrirhuguðum samningi þarf meðal annars að tryggja eftirfarandi:

- ✓ Heildstæða nálgun við endurhæfingu einstaklinga og samfellu í allri þjónustu.
- ✓ Einstaklingum sé fylgt eftir milli þjónustukerfa þarfi þeir þjónustu fleiri en eins kerfis auk þess sem ljóst þarf að vera hvernig ábyrgð á þjónustu færast milli þjónustukerfa.
- ✓ Skýrt hlutverk ábyrgðaraðila innan hvers þjónustukerfis þegar einstaklingar færast milli þjónustukerfa eða einstaklingar njóta þjónustu fleiri en eins kerfis.
- ✓ Þjónustukerfin ákveði eitt kerfi sem ábyrgðaraðila á samþættingu endurhæfingar einstaklings þegar fleiri en eitt kerfi er að veita viðkomandi þjónustu á sama tíma.
- ✓ Skýrt hlutverk og starfsemi sérstakra samhæfingarteyma sem samstarfsvettvang þjónustukerfa.
- ✓ Greiningu á hve mikið af samvinnu þjónustukerfanna getur farið fram sjálfvirkt með rafrænni veitingu upplýsinga milli kerfa.

Samstarf þetta er mikilvægur liður í að ná því markmiði að bæta lífskjör og lífsgæði fólks sem þarf á endurhæfingarþjónustu að halda til að bæta afkomu sína og möguleika til virkni, menntunar og atvinnuþátttöku á eigin forsendum í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2021.



Handwritten signatures and blue flower icons.

Tryggingastofnun, Vinnumálastofnun, VIRK Starfsendurhæfingarsjóður ses., Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og velferðarsvið Reykjavíkurborgar lýsa jafnframt yfir vilja til að vinna saman að sérstöku undirbúningsverkefni frá janúar 2024 um samþættingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga. Fyrirnefndu undirbúningsverkefni er nánar lýst í viðauka við yfirlýsingu þessa en gert er ráð fyrir að meðal annars verði áhersla lögð á heildstæða nálgun við endurhæfingu einstaklinga miðað við þarfir hvers og eins hverju sinni og að endurhæfing sé samfelld.

Reykjavík, 15. febrúar 2024



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson,**  
félags- og vinnumarkaðsráðherra

**Willum Þór Þórsson,**  
heilbrigðisráðherra

Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga

**Heiða Björg Hilmisdóttir,**  
formaður

Fyrir hönd Tryggingastofnunar

**Huld Magnúsdóttir,**  
forstjóri

Fyrir hönd Vinnumálastofnunar

**Unnur Sverrisdóttir,**  
forstjóri

Fyrir hönd VIRK, Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

**Vigdís Jónsdóttir,**  
forstjóri

Fyrir hönd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins  
vegna undirbúningsverkefnis

**Sigríður Dóra Magnúsdóttir,**  
forstjóri

Fyrir hönd velferðarsviðs Reykjavíkurborgar  
vegna undirbúningsverkefnis

**Einar Þorsteinsson,**  
borgarstjóri

# Undirbúningsverkefni um samþættingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga

## Tilgangur og hlutverk

Tilgangur verkefnisins er að hlutaðeigandi þjónustukerfi vinni saman í sérstökum samþættingarteymum í því skyni að stuðla að því að einstaklingar fái heildstæða þjónustu við hæfi innan þjónustukerfanna til að auka færni sína til að sinna athöfnum dagslegs lífs og taka virkan þátt í samfélaginu, þ.m.t. þátttöku á vinnumarkaði að fullu eða að hluta, í samræmi við getu hvers og eins.

Þjónustukerfin geta vísað málum einstaklinga inn í teymin þegar vafi leikur á hvers konar þjónusta gagnist eða þegar óskað er eftir því að skoðað sé sérstaklega hvernig þjónustukerfin geti í sameiningu veitt einstaklingi heildstæða þjónustu í samræmi við þarfir viðkomandi á hverjum tíma.

Samþættingarteymi þjónustukerfanna skal einnig skoða sérstaklega bið í úrræði og leita mögulegra leiða til að draga úr biðlistum í samstarfi við þjónustukerfi velferðarkerfisins.

## Skipun í samþættingarteymi

Þau þjónustukerfi sem taka þátt í fyrirhuguðu undirbúningsverkefni munu tilnefna fagaðila í samþættingarteymið sem gert er ráð fyrir að verði hluti af verkefninu. Þessir fagaðilar skulu vera starfsfólk sem einnig sinnir faglegri þjónustu innan hlutaðeigandi þjónustukerfa auk þess sem viðkomandi þarf að hafa lokið menntun og búa yfir þekkingu og reynslu sem nýtist í starfi teymanna.

Hlutaðeigandi þjónustukerfi skulu tryggja að fagaðilar hafi nægjanlegt svigrúm til að taka þátt í starfi samþættingarteymis.

## Framkvæmd og persónuvernd

Hvert þjónustukerfanna getur vísað máli einstaklinga inn í samþættingarteymi og er það kerfi skilgreindur ábyrgðaraðili málsins meðan það er til skoðunar hjá teyminu. Fulltrúar allra þjónustukerfanna fara saman yfir málið á fundi út frá fyrirliggjandi gögnum frá öllum kerfunum. Tryggja verður miðlun upplýsinga, þ.m.t. þeim sem viðkvæmar geta talist, til teymanna í samræmi við ákvæði laga og reglna um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## Viðauki

Þegar teymi hefur fjallað efnislega um málið getur teymi vísað máli til annars þjónustukerfis og færast þá ábyrgðin á málinu yfir á það þjónustukerfi. Þegar einstaklingur þarf þjónustu fleiri en eins kerfis þarf að skilgreina hvaða kerfi beri ábyrgð á samþættingu endurhæfingar. Hvert þjónustukerfi ber faglega ábyrgð á þjónustunni sem það veitir og tekur ákvörðun um þjónustu á grundvelli þeirra laga sem um það gildir hverju sinni.

## Undirbúningur og samningur

Undirbúningur þess að koma á fót samhæfingarteymunum er þegar hafinn og þau þjónustukerfi sem um ræðir munu ganga frá formlegum samningi um fyrirhugað undirbúningssverkefni fyrir 1. mars 2024 þar sem nánar verður kveðið á um ábyrgð, verkefni, mönnun og hlutverk hvers þjónustukerfis fyrir sig.

# Samvinna þjónustukerfa

Yfirlitsmynd yfir rafræn samskipti allra aðila sem koma að örorku og endurhæfingu

